

**Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra
um störf Íslenskrar málnefndar 2010 – 2015**

1. Inngangur

Skýrsla þessi nær frá 1. nóvember 2010 til ágústloka 2015. Á tímabilinu störfuðu tvær málnefndir. Skipunartímabil hinnar fyrri var frá 1. nóvember 2010 til 31. ágúst 2014 en hinnar síðari frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2015. Ástæða þessa er sú að frá 15. júní 2011 voru í gildi lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og er 6. greinin um Íslenska málnefnd en áður var fjallað um Málnefndina í lögum nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Síðasta skýrsla Íslenskrar málnefndar til ráðuneytisins náði yfir tímabilið 1. nóvember 2006 til 31. október 2010. Hún var afhent þáverandi menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, 28. október 2010.

2. Skipun í Íslenska málnefnd

Skipa þurfti í tvær nefndir á tímabilinu eins og fram er komið. Þar sem starfstími hinnar fyrri var rétt tæpt ár var ákveðið að fjalla um báðar nefndirnar í þessari skýrslu.

2.1 Íslensk málnefnd 2010–2014 og framkvæmdastjórn hennar

Íslensk málnefnd var þannig skipuð fyrir tímabilið 1. nóvember 2010 til 31. október 2014:

Guðrún Kvaran formaður, skipuð án tilnefningar, varamaður Gerður Kristný Guðjónsdóttir
Haraldur Bernharðsson varaformaður, skipaður án tilnefningar, varamaður Þórður Helgason
Eiríkur Rögnvaldsson tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands, varamaður Sigríður
Sigurjónsdóttir

Brynhildur Þórarinsdóttir tilnefnd af Háskólanum á Akureyri, varamaður Sigurður Kristinsson
Þorlákur Karlsson tilnefndur af Háskólanum í Reykjavík, varamaður Anna Sigríður
Bragadóttir

Úlfhildur Dagsdóttir tilnefnd af Listaháskóla Íslands, varamaður Sigurjón B. Sigurðsson
Sigurður Konráðsson tilnefndur af Menntavísindasviði Háskóla Íslands, varamaður Anna S.
Þráinsdóttir

Margrét Jónsdóttir tilnefnd af Hugvísindasviði Háskóla Íslands, varamaður Þóra Björk
Hjartardóttir

Ásgrímur Angantýsson tilnefndur af Ríkisútvarpinu, varamaður Bergljót Baldursdóttir
Melkorka Tekla Ólafsdóttir tilnefnd af Þjóðleikhúsinu, varamaður Friðrik Friðriksson
Sæmundur Helgason tilnefndur af Samtökum móðurmálskennara, varamaður Steinunn Mar
Sigurður Pálsson tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, varamaður Sigurbjörg
Þrastardóttir

Steinunn Stefánsdóttir tilnefnd af Blaðamannafélagi Íslands, varamaður Sigurður G.
Tómasson

Sigrún Helgadóttir tilnefnd af orðanefndum, varamaður Sigurður Jónsson

Sigríður D. Þorvaldsdóttir tilnefnd af Hagþenki, varamaður Steingrímur Þórðarson

Framkvæmdastjórn Íslenskrar málnefndar:

Á fyrsta fundi nýskipaðrar málnefndar 23. nóvember 2010 var ákveðið að breyta heiti á stjórn Íslenskrar málnefndar í framkvæmdastjórn Íslenskrar málnefndar þar sem þess er ekki getið í lögum um nefndina (40/2006) að hún skuli hafa formlega stjórn og að nýtt heiti lýsi betur hlutverki hennar. Formaður óskaði eftir framboðum í framkvæmdastjórn:

Guðrún Kvaran formaður og Haraldur Bernharðsson varaformaður, bæði skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, tóku sæti í stjórn án kosningar. Sigurður Konráðsson, Sæmundur Helgason og Sigríður D. Þorvaldsdóttir voru kjörin á fundinum og varamenn þeirra Sigrún Helgadóttir varamaður Sigurðar Konráðssonar, Steinunn Stefánsdóttir varamaður Sæmundar Helgasonar og Margrét Jónsdóttir varamaður Sigríðar D. Þorvaldsdóttur.

Ritari og samverkamaður Íslenskrar málnefndar var Jóhannes B. Sigtryggsson.

2.2 Íslensk málnefnd 2011–2015 og framkvæmdastjórn nefndarinnar

Guðrún Kvaran formaður, skipuð án tilnefningar
Haraldur Bernharðsson varaformaður, skipaður án tilnefningar
Eiríkur Rögnvaldsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins
Brynhildur Þórarinsdóttir, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins
Dóra Jakobsdóttir, tilnefnd af Íðorðafélaginu
Hilmar Hilmarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þórhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af Upplýsingu
Sigríður D. Þorvaldsdóttir, tilnefnd af Hagþenki
Guðrún Rögnvaldardóttir, tilnefnd af Staðlaráði Íslands
Gunnhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af Bandalagi þýðenda og túlka
Steinunn Stefánsdóttir, tilnefnd af Blaðamannafélagi Íslands
Sigurður Pálsson, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands
Melkorka Tekla Ólafsdóttir, tilnefnd af Þjóðleikhúsinu
Anna Sigríður Þráinsdóttir, tilnefnd af Ríkisútvarpinu ohf.
Sæmundur Helgason, tilnefndur af Samtökum móðurmálskennara
Stanisław Jan Bartoszek, tilnefndur af Velferðarráðuneyti

Allnokkru seinna voru varamenn tilnefndir. Þeir eru:

Þorlákur Karlsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins
Úlfhildur Dagsdóttir, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins
Haraldur Blöndal, tilnefndur af Íðorðafélaginu
Ingibjörg Einarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Hrafn A. Harðarson, tilnefndur af Upplýsingu
Steingrímur Þórðarson, tilnefndur af Hagþenki
Hjörtur Hjartarson, tilnefndur af Staðlaráði Íslands

Sölvi Björn Sigurðsson, tilnefndur af Bandalagi þýðenda og túlka
Sigurður G. Tómasson, tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands
Sigurður Pálsson, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands
Friðrik Friðriksson, tilnefndur af Þjóðleikhúsinu
Bergljót Baldursdóttir, tilnefnd af Ríkisútvarpinu ohf.
Steinunn Mar, tilnefnd af Samtökum móðurmálskennara
Irma Matchavarini, tilnefnd af Velferðarráðuneyti.

Framkvæmdastjórn Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran formaður og Haraldur Bernharðsson varaformaður, bæði skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, tóku sæti í stjórn án kosningar. Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður D. Þorvaldsdóttir buðu sig fram í stjórn og voru sjálfkjörin. Steinunn Stefánsdóttir, Stanisław Jan Bartoszek og Sigurður Pálsson buðu sig fram til að vera varamenn stjórnar. Steinunn er fyrsti varamaður, Stanisław annar varamaður og Sigurður þriðji varamaður.

Ritari og samverkamaður Íslenskrar málnefndar er Jóhannes B. Sigtryggsson.

3. Lagagreinar um Íslenska málnefnd

Frá 2010 til 2011 urðu breytingar á lagagrein um Íslenska málnefnd eins og fram kemur í 3.1 og 3.2.

3.1 Lög nr. 40/2006

Þegar skipað var í Íslenska málnefnd 1. nóvember 2010 heyrði hún undir 9. grein laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006:

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út.

Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

3.2 Lög nr.61/2011

Íslensk málnefnd starfaði í anda 9. greinar laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fram á sumar 2011. Eins og áður getur voru ný lög samþykkt í júní 2011 (61/2011) og skipa þurfti að nýju í Málnefndina. 6. gr. er um skipan og hlutverk hennar:

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 16 menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. [Sá ráðherra er fer með málefni innflytjenda] tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar hélst óbreytt frá fyrri lögum og skrifstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var áfram skrifstofa nefndarinnar.

Eins og sjá má urðu nokkrar breytingar á tilnefningum í nefndina. Einstakir háskólar féllu t.d. út en í staðinn kom að samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefndi tvo fulltrúa.

3.3. Reglugerð um Íslenska málnefnd

Málnefndinni barst bréf 13. desember 2011 þar sem óskað var eftir að nefndin undirbyggi drög að reglugerð um nánari starfsemi sína. Formaður samdi drög að reglugerð sem rædd var á febrúarfundi nefndarinnar. Drögin voru send til Guðnýjar Helgadóttur og Áslaugar Dóru Eyjólfsdóttur 28. febrúar 2012 en Málnefndinni er ekki kunnugt um að reglugerð hafi verið samþykkt.

4. Samningur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Íslenskri málnefnd þótti mikilvægt að skýrar línur væru um tengsl hennar við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eftir að formleg tengsl slitnuðu. Formaður ræddi við forstöðumann stofnunarinnar, Guðrúnu Nordal, og kom þeim saman um að gerður yrði samningur milli nefndar og stofnunar. Hann var undirritaður 27. mars 2012. Sjá Fylgiskjal I.

5. Fjármál Íslenskrar málnefndar

Íslensk málnefnd er ekki á fjárlögum eins og hún var óbeint í gegnum skrifstofu sína, Íslenska málstöð, til 2006. Fyrstu árin eftir sameiningu stofnana í íslenskum fræðum var fjárhagur hennar mjög bágur en Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum lagði henni þó lið. Síðustu fjögur árin hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkt nefndina þannig að hún hefur getað greitt lágmarkspóknun fyrir fundasetu og tekið þátt í erlendu samstarfi. Án stuðnings er útilokað að nefndin geti starfað.

6. Fundir í málnefnd

Fyrir því er löng hefð að framkvæmdastjórn (stjórn) Íslenskrar málnefndar hittist tíu sinnum á ári og oftar ef þörf krefur. Reynt hefur verið að kalla fullskipaða málnefnd saman tvisvar á ári. Hún fær fundargerðir frá framkvæmdastjórn og öll mikilvæg skjöl eru send til nefndarinnar til yfirlesturs og samþykktar. Fulltrúi Málnefndarinnar hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti fær einnig sendar allar fundargerðir.

6.1 Fundir í Íslenskri málnefnd

Fyrsti fundur nýskipaðrar Íslenskrar málnefndar 2010 var haldinn 23. nóvember. Kosið var í framkvæmdastjórn til næstu fjögurra ára. Á fundinum var einnig rætt um stefnuskrá Íslenskrar málnefndar næstu fjögur árin og frumvarp til laga um íslenska tungu og íslenskt táknmál. Nefndin hélt einn fund 2011 en síðan var starfstíma hennar lokið.

Fyrsti fundur nýskipaðrar Málnefndar 2011–2015 var haldinn 4. október 2011. Formaður lagði til að reynt yrði að nýta sem mest nýlega stefnuskrá síðustu nefndar og var það samþykkt. Kosnir voru fulltrúar í framkvæmdastjórn. Alls hélt Íslensk málnefnd átta fundi á starfstímanum.

6.2 Fundir í framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn Íslenskrar málnefndar 2010–2011 hélt alls fimm fundi á starfstímanum og næsta framkvæmdastjórn hélt alls 36 fundi frá 11. október 2011 til 31. ágúst 2015 en þá rann starfstími hennar út.

Fundargerðir Íslenskrar málnefndar og framkvæmdastjórnar hafa nú verið birtar á heimasíðu Íslenskrar málnefndar, islenkan.is, og eru öllum aðgengilegar.

7. Hlutverk Íslenskrar málnefndar

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er hlutverk Íslenskrar málnefndar að:

veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.“

Engin breyting var gerð á hlutverki Málnefndarinnar við lagabreytinguna 2011.

7.1 Íslensk málstefna

Fljótlega eftir að málstefnan var samþykkt á Alþingi 2009 var settur á laggirnar vinnuhópur sem gera átti tillögur um framkvæmd málstefnunnar. Hefur sá hópur starfað fram til þessa og haldið allmarga fundi. Í honum sitja fyrir hönd ráðuneytisins Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Guðni Olgeirsson en fyrir hönd Íslenskrar málnefndar frá 2011 Guðrún Kvaran, Haraldur Bernharðsson og Eiríkur Rögnvaldsson.

Í tilefni þess að málstefnan varð fimm ára 2014 fór Málnefndin rækilega *yfir Íslensku til alls* og reyndi að meta hvað unnist hefði og hvar enn væri úrbóta þörf. Niðurstaðan fylgir þessari skýrslu í viðauka. Einnig fylgir tillaga að brýnustu verkefnum sem ráðast þarf í sem allra fyrst að mati Íslenskrar málnefndar.

7.2 Ráðgjöf

Eins og fram kemur í 6. gr. laga nr. 61/2011 á Íslensk málnefnd að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu. Í 5. gr. laganna stendur:

5. gr. Málstefna.

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr.

Íslensk málnefnd hvatti til að stjórnarráðið setti sér málstefnu og tók að sér að skrifa drög að henni. Komið var á vinnufundum stjórnarráðsmanna og Málnefndarinnar og voru formaður og varaformaður fulltrúar vinnuhópsins í þessu starfi. Á degi íslenskrar tungu 2012 samþykkti ríkisstjórnin síðan málstefnu stjórnarráðsins og er hún aðgengileg á heimasíðum ráðuneytanna. Hvert ráðuneyti skipar mann í nefnd sem fylgja á málstefnunni eftir og er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis formaður nefndarinnar. Óskað var eftir því að Guðrún Kvaran tæki sæti í málnefnd stjórnarráðsins sem fulltrúi forsætisráðuneytis og féllst hún á það. Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum og einkum rætt mikilvægi þess að ráðinn verði málfarsráðunautur. Guðrún var beðin um að koma á starfsmannafund í

innanríkisráðuneyti 29. apríl 2015 og á annan í velferðarráðuneyti 25. júní 2015 og kynna málstefnu stjórnarráðsins. Þóttu þessir fundir takast vel.

Dalvíkurbyggð er eina sveitarfélagið sem leitað hefur til Íslenskrar málnefndar um ráðgjöf um málstefnu.

7.3 Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Ályktanir um stöðu íslenskrar tungu hafa verið birtar árlega allt frá 2007 að frádregnu árinu 2008 þegar Íslensk málnefnd kynnti drög að íslenskri málstefnu. Ályktanirnar eru aðgengilegar á heimasíðu Íslenskrar málnefndar, islenskan.is.

Ákveðið var að velja árlega ákveðið þema sem nefndinni þótti brýnast hverju sinni:

2010: málnotkun í háskólasamfélaginu.

2011: minnkandi bóklestur og dvínandi lesskilningur íslenskra barna og unglinga.

2012: máltækni og staða Íslands gagnvart tölvu- og upplýsingatækninni.

2013: íslenska sem annað mál.

2014: upplýsingabyltingin og staða íslensku sem tungumáls á öllum sviðum íslensks samfélags.

7.4 Vel gert og hvað má betur fara

Íslensk málnefnd telur mikilvægara til árangurs í málræktarstarfi að vekja athygli á því sem vel er gert fremur en að beina augum fyrst og fremst að misfellum. Hún hefur því í nokkur ár veitt viðurkenningar í tengslum við málræktarþingin (sjá 9.1).

2010: engin viðurkenning veitt þar sem ekkert málræktarþing fór fram það ár.

2011: Þrjár viðurkenningar voru veittar. Þær hlutu Orðanefnd rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands (ORVFÍ) fyrir öflugt íðorðastarf; Menntavísindasvið Reykjavíkurborgar fyrir að taka upp á árinu íslenskt notendaviðmót í öllum tölvum í grunnskólum Reykjavíkur; Ríkisútvarpið (RÚV) fyrir að gera það að skilyrði að öll lög skuli sungin á íslensku í Söngvakeppni Sjónvarpsins það ár.

2012: Þrjár viðurkenningar voru veittar. Þær hlutu Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, fyrir nýjan íslenskan talgervil, og Jón Guðnason, lektor í tölvunarfræði, og Trausti Kristjánsson, tölvunarfræðingur, fyrir framlag til nýs talgreinis fyrir íslensku.

2013: Þrjár viðurkenningar voru veittar. Þær hlutu Nichole Leigh Mosty, skólastjóri leikskólans Aspar, fyrir árangursríkt starf í þágu tvítýngdra barna á leikskólanum Ösp og stuðning við foreldra þeirra; Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla, fyrir árangursríkt starf í þágu tvítýngdra nemenda í Fellaskóla og Valgerður Garðarsdóttir, kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð, fyrir árangursríkt starf og stuðning við erlenda nemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð.

2014: Málnefndin ákvað að veita enga viðurkenningu þetta ár þar sem dagskráin var í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti 16. nóvember. Ráðuneytið veitti sjálft Jónasarverðlaunin og viðurkenningar þennan dag.

Rétt er að nefna að úrslit í söngkeppni Samtaka félagsmiðstöðva, Samfés, fóru fram á íslensku árið 2010 og 2011 var undankeppnin einnig haldin á íslensku. Framkvæmdastjóri Samfés leitaði til Samtaka móðurmálskennara um að samtökin veittu verðlaun fyrir góðan texta á íslensku og úr varð að Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara veittu saman verðlaun í úrslitakeppninni 5. mars. Fulltrúi Málnefndarinnar þar var Sæmundur Helgason.

Íslensk málnefnd hefur sjaldan gert athugasemdir við það sem betur má fara í málfarslegum eignum á opinberum vettvangi. Þó er rétt að geta að 2. mars 2012 var bréf sent til Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, þar sem fundið var að því að yfirlestri á skjátextum og fréttatextum sem og málfarsráðgjöf hefði verið hætt og öllum yfirlesurum þýðinga á erlendu efni sagt upp störfum.

Vegna ábendingar sendi Málnefndin bréf dagsett 27. júní 2012 til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannsókn- og nýsköpunarsviðs) þar sem gerð er athugasemd við að svarskeyti berist á ensku þegar sótt er um styrk til Rannís. Í bréfinu kom fram að Málnefndin líti svo á að tölvupóstur og annar póstur til Íslendinga frá Rannís eigi að vera á íslensku. Enskur texti eða texti á öðru erlendu máli geti fylgt með ef meðumsækjendur um styrk eru erlendir.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti framsendi Íslenskri málnefnd 9. apríl 2014 afrit af bréfi Jóns Björgvinssonar frá 22. mars til ráðuneytis þar sem Jón segir að Vegagerðin sé hætt að „nota íslensku á upplýsingaskiltum við þjóðvegi landsins“. Ritari nefndarinnar svaraði Jóni og sendi jafnframt afrit til Vegagerðarinnar.

Hinn 31. mars 2015 skrifaði Málnefndin forseta Alþingis, Einari K. Guðfinnssyni, eftirfarandi bréf:

Íslensk málnefnd telur það óhæfu að formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis skuli rita forsætisráðherra Íslands skýrslu á ensku. Samkvæmt 8. grein laga nr. 61 frá 7. júní 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er íslenska mál Alþingis, dómstóla og stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Störf Alþingis og Stjórnarráðsins skulu því fara fram á íslensku, þar með talin ritun skýrslu til notkunar innan þessara stofnana. Ritun umræddrar skýrslu á ensku er augljóslega á svig við ákvæði þessara laga.

Málið vakti athygli í fjölmiðlum og rætt var við fulltrúa Íslenskrar málnefndar. Forseti Alþingis svaraði nefndinni 8. apríl 2015 og benti á að skýrslan væri óviðkomandi Alþingi. Hún hefði verið unnin af sérfræðinganefnd á vegum forsætisráðuneytis, samkvæmt beiðni ráðherra. Einnig tók Einar fram að Alþingi standi vörð um þjóðtunguna, þingskjöl séu öll á íslensku og að sjálfsögðu umræður í þingsal.

Málnefndin aðhafðist ekkert frekar í málinu en minnir á að mál stjórnarráðs Íslands er íslenska og að öll skjöl ráðuneytanna eigi að vera á íslensku.

7.5 Íslenska í stjórnarskrá

Formaður sendi bréf til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþings, dags. 19. nóvember 2011, um stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu. Á Alþingi var þá verið að ræða um nýja stjórnarskrá og hægt var að senda athugasemdir við drög að henni til 13.12.2012. Formaður hafði samið drög að athugasemdum við væntanlega stjórnarskrá þar sem m.a. var hvatt til þess að þar væri kveðið á um stöðu íslenskunnar. Drögin voru samþykkt og formanni falið að koma þeim til skila til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

7.6 Íslenskar ritreglur

Málnefndin sem lauk störfum 31. október 2010 skipaði vinnuhóp um breyttar ritreglur og afhenti hópurninn mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, fyrstu drög í októberlok. Málnefndin, sem tók við 1. nóvember 2010, taldi verkinu ekki lokið og skipaði í mars 2011 vinnuhóp að nýju, þau Harald Bernharðsson formann, Margréti Guðmundsdóttur og Jóhannes Bjarna Sigtryggsson sem öll höfðu setið í fyrri hópnum.

Á fundi í júní 2012 gerði Haraldur grein fyrir stöðu málsins og lagði fram kafladrög. Vinnan hafði reynst tímafrekari og erfiðari en búist hafði verið við. Aftur var gerð grein fyrir starfinu í júní 2015 og fylgja tillögur vinnuhópsins þessari skýrslu.

8. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2010–2015

Íslensk málnefnd 2010–2014 kom sér saman um stefnuskrá sem unnið skyldi eftir á starfstímabilinu. Þar sem nefndin starfaði aðeins til 1. september 2011 ákvað næsta nefnd að gera stefnuskrána einnig að sinni að mestu leyti. Hana má nálgast á www.islenskan.is.

8.1 Megináhersla í starfi Íslenskrar málnefndar 2010–2015

Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Alþingi samþykkti 12. mars 2009 íslenska málstefnu sem gefin var út í ritinu *Íslenska til alls*. Íslensk málnefnd 2010–2014 samþykkti að hún myndi í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgjast með því að unnið verði markvisst að markmiðum málstefnunnar og hafa frumkvæði um verkefni og viðburði sem styrkt geta íslenska tungu á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Í því skyni hugðist hún koma á laggirnar vinnuhópum á völdum sviðum, til dæmis vinnuhópum um skólamál á öllum skólastigum frá leikskóla til háskóla og vinnuhóp um fjölmiðla. Ekkert varð þó úr því vegna þess hve nefndin starfaði stutt.

Hér verða nefnd þau verkefni sem Íslensk málnefnd 2010–2014 hugðist einkum beita sér fyrir. Mörg fleiri verkefni, sem nefnd eru í *Íslensku til alls*, bíða úrlausnar og verður tekist á við þau eftir því sem aðstæður leyfa.

Íslenskukennsla á öllum skólastigum og menntun kennaraefna. Áhersla var lögð á íslenskukennslu á öllum skólastigum og menntun kennara í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar fyrir árin 2006–2010. Eins og fram kemur í *Íslensku til alls* er minni tíma varið til íslenskukennslu í grunnskólum hérlendis en til móðurmálskennslu í nágrannalöndunum. Íslensk málnefnd telur það eitt af brýnustu verkefnum sínum að beita sér fyrir því að hvergi verði gefið eftir í kennslu íslensku sem móðurmáls í skólum, allt frá leikskóla til framhaldsskóla, og fylgjast grannt með námskrárvinnu og gerð viðmiðunarstundaskrár handa grunnskólum. Hér gegna kennarar á öllum skólastigum lykilhlutverki. Menntun þeirra þarf að vera í samræmi við áherslur og kröfur skólanna. Mikilvægt er því að auka verulega móðurmálsþáttinn í kennaranámi. Í leikskólum eru börn á máltökualdri og leikskólakennarar þurfa að vera færir um að örva málþroska á markvissan hátt og vera góðar málfyrirmyndir. Einnig þurfa leikskólakennarar að geta lagt grunn að lestrarkennslu. Grunnskólakennarar þurfa að hafa víðtæka þekkingu á íslensku máli og bókmenntum, töluðu máli og rituðu. Ítarlegt nám í máli og bókmenntum, ritun og lestrarkennslu ætti að vera sjálfsagður þáttur í kennaranámi. Með því móti verða kennaraefni búin undir kennslu á öllum stigum grunnskólans og tryggt verður að allir kennarar öðlist færni í að beita máli í samskiptum við foreldra og nemendur. Í framhaldsskóla er sérhæfing meiri en á leikskóla- og grunnskólastigi en íslenskt mál er engu að síður afar mikilvægt. Úr framhaldsskólum fer mikill hluti nemenda í háskóla hérlendis og verður að vera unnt að krefjast þess að þeir geti tjáð sig í ræðu og riti á íslensku.

Íslenska í háskólum. Mikilvægt er að umræða fari fram um stöðu íslenskrar tungu á háskólastigi. Málnefndin hyggst beita sér fyrir því að slík umræða fari af stað, t.d. með málþingum, og fylgja henni síðan eftir. Í *Íslensku til alls* er talið mikilvægt að allir háskólarnir setji sér málstefnu og nú hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið óskað eftir því að svo verði gert. Íslensk málnefnd mun fylgjast með að sú ósk verði að veruleika og efna til málþings og umræðna um málstefnu á háskólastigi.

Óraunhæft er að gera kröfur um að einungis sé kennt á íslensku við háskóla í landinu þar sem skólarnir þurfa að standa við erlendar skuldbindingar. Málnefndin mun beita sér fyrir því að kennsla á erlendu máli verði ekki á kostnað íslensku heldur verði íslenska notuð í meiri hluta þeirra námskeiða sem skólarnir bjóða nemendum sínum. Ef nota þarf erlent tungumál í námskeiði þá er nauðsynlegt að kennari hafi gott vald á hinu erlenda máli og að nemendur öðlist þekkingu á íslenskum fræðihugtökum námsefnisins í orðalistum eða á annan hátt þannig að þeir verði færir um að tjá sig á íslensku um fræði sín. Málnefndin mun eftir megni fylgjast með notkun erlendra tungumála í kennslu annarri en tungumálakennslu

Eins og fram kom í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar fyrir árin 2006–2010 og í *Íslensku til alls* eru í heimi fræða og vísinda þau skrif mest metin sem birtast í alþjóðlegum, ritrýndum

fræðitímaritum og þar fást ekki birtar fræðigreinar á íslensku. Íslenskir fræðimenn eru því undir miklum þrýstingi að fjalla um rannsóknir sínar á erlendum málum, einkum ensku. Staða íslenskrar tungu í heimi fræða og vísinda er því ekki nógu sterk. Á Íslandi eru þó gefin út á íslensku ritrýnd fræðitímarit sem gera miklar kröfur um vísindaleg gæði og nýnæmi. Nefna má að öll virtustu tímarit í íslenskum fræðum eru íslensk og að langmestu leyti rituð á íslensku. Þessi tímarit hafa alþjóðlega útbreiðslu, enda eru íslensk fræði stunduð víða um heim. Birting fræðigreina í þessum tímaritum er engu að síður minna metin en birting í alþjóðlegum erlendum tímaritum. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir því að staða íslenskrar tungu í fræðasamfélaginu verði treyst og íslensk ritrýnd fræðitímarit verði viðurkennd til jafns við alþjóðleg ritrýnd tímarit.

Aukinn lestur barna. Íslensk málnefnd hyggst hvetja til aukins bóklestrar og ýta undir bókmenntasköpun, einkum hjá börnum og unglingum. Það má gera til að mynda með bókmenntaþingi og ljóðasamkeppni í grunnskólum. Einnig hyggst hún beita sér fyrir aukinni fræðslu um mikilvægi þess að lesið sé fyrir börn á forskólaaldri t.d. með gerð bæklinga sem verðandi foreldrar og foreldrar ungra barna geta kynnt sér. Málnefndin mun beita sér fyrir aukinni samvinnu þeirra sem láta og geta látið sig fræðslu barna og unglunga um íslenskt mál varða, t.d. mennta- og menningarmálaráðuneyti, menntavísindasvið Háskóla Íslands og Samtök móðurmálskennara svo einhverjir séu nefndir.

Endurskoðun auglýsinga um stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Eitt af lögbundnum verkefnum Íslenskrar málnefndar er að semja íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Í gildi eru auglýsingar menntamálaráðuneytisins nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu og auglýsingar nr. 133/1974 um greinarmerkjasetningu. Tímabært þótti að taka þessar auglýsingar til endurskoðunar, ekki síst með tilliti til framsetningar, og beitti Íslensk málnefnd sér fyrir því á liðnu starfstímabili að starfshópur var settur á laggirnar. Hann skilaði af sér í október 2010 tillögum um nokkur atriði en talsvert verk er þó óunnið og verður endurskoðun haldið áfram þar sem frá var horfið.

Athygli vakin á því sem vel er gert. Íslensk málnefnd mun á skipunartímanum halda áfram að vekja athygli á vandaðri og snjallri málnotkun þegar tilefni gefast.

8.2 Framkvæmd stefnuskrárinnar

Íslensk málnefnd 2011–2015 ræddi á fyrsta fundi sínum mikilvægi þess að halda tölvumálum vakandi, t.d. íslensku viðmóti í tölvum. Lagt var til að íslenskt notendaviðmót og máltækni yrði áherslumál næsta árið hjá nefndinni, m.a. viðfangsefni málræktarþings 2012 (sjá nánar í 10.4).

Skólar. Íslenskri málnefnd barst 17. október 2011 bréf frá þremur íslenskukennurum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands þar sem óskað var eftir stuðningi við baráttu þeirra fyrir

meiri íslenskukennslu kennaranema. Formaður sendi deildarforseta kennaradeildar Menntavísindasviðs, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, og fagráðsformanni íslensku, Kristjáni Jóhanni Jónssyni, fyrirspurn í tölvupósti 12. desember 2012 þar sem óskað var skýringa á meintum ummælum á fundi á Menntavísindasviði 6. nóvember um að forstöðumenn sviðsins litu svo á að þeim bæri ekki að fylgja íslenskri málstefnu. Svar barst frá Önnu Kristínu 19. desember og í framhaldi af því var ákveðið að boða hana á fund Málnefndarinnar.

Á mánaðarlegum fundi formanns Íslenskrar málnefndar, Haralds Bernharðssonar og Eiríks Rögnvaldssonar var ráðuneytisfólki bent á að Menntavísindasvið virtist ekki vilja fylgja anda íslenskrar málstefnu um eflingu íslenskunáms í kennaramenntun.

Fyrrgreindur fundur með fulltrúum Menntavísindasviðs fór fram 9. apríl 2013 og mættu á hann Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, og Anna Kristín Sigurðardóttir. Fyrir fundinn samdi stjórn Íslenskrar málnefndar minnisblað um íslenskukennslu á Menntavísindasviði og sendi það til Jóns Torfa, Önnu Kristínar og Kristjáns Jóhanns Jónssonar, íslenskukennara á Menntavísindasviði, sem ekki komst á fundinn. Kjarni þess var að Íslensk málnefnd væri óánægð með litla íslenskukennslu í námi kennaranema á Menntavísindasviði HÍ. Blaðið varð grundvöllur umræðna á fundinum. Málnefndin bauðst til að fara í samstarf við Menntavísindasvið um að skoða í sameiningu núverandi kennslu, hvað væri kennt í námskeiðum og leggja til endurbætur á íslenskukennslunni. Vel var tekið í að kanna hvort Menntavísindasvið hefði áhuga á slíku samstarfi en ekkert hefur frést af viðtökum.

Háskólar. Málnefndin boðaði til málþings fimmtudaginn 10. mars 2011 undir heitinu „Framtíð íslenskrar tungu í háskólum á Íslandi“. Katrín Jakobsdóttir setti þingið en frummælendur voru varaformaður Íslenskrar málnefndar og rektorar allra háskóla í landinu nema Háskóla Íslands sem sendi staðgengil. Rætt var m.a. um málstefnu háskólanna en ráðherra hafði í upphafi árs sent öllum rektorunum bréf þar sem þeir voru inntir eftir málstefnunni.

Í framhaldi af þinginu ritaði Íslensk málnefnd öllum rektorunum eftirfarandi bréf, dagsett 29. maí 2011 (sbr. fundargerð 4/2011):

Íslensk málnefnd þakkar fyrir þátttöku í málþingi um framtíð íslenskrar tungu í háskólunum sem fram fór 10. mars síðastliðinn á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íslenskrar málnefndar. Það er mál manna að málþingið hafi tekist vel og að ljóst sé að skólarnir vilji vinna saman að vexti og viðgangi íslenskrar tungu í breyttu umhverfi skólanna. Fram kom að skólarnir hefðu þegar sett sér málstefnu eða væru að vinna að slíkri stefnu. Á mikilvægi málstefnu háskóla var bent í ritinu *Íslenska til alls* þar sem birt voru drög að íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009.

Á þinginu lagði varaformaður Íslenskrar málnefndar, Haraldur Bernharðsson, til að hver skóli setti á fót eigin málnefnd sem yrði falið að fylgja eftir og útfæra málstefnu viðkomandi skóla. Íslensk málnefnd vill minna á þessa tillögu og er reiðubúin til viðræðna ef ástæða þykir til.

Á málþinginu var einnig rætt mikilvægi þess að íslenskur orðaforði væri til í öllum þeim greinum sem kenndar eru við háskóla í landinu til þess að nemendur og kennarar gætu talað um fræði sín á góðri íslensku. Nefnt var m.a. samstarf skólanna í greinum sem kenndar eru við fleiri en einn háskóla. Íslensk málnefnd hvetur til slíkrar samvinnu og til íðorðasmíðar yfirleitt innan háskólanna og bendir í því sambandi á 10. grein nýsamþykktara laga frá Alþingi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vinnur að eflingu íðorðaforða í samvinnu við fjölda orðanefnda og myndi veita ráðleggingar eftir þörfum.

Íslensk málnefnd leggur til að staðið verði að fleiri málþingum í framtíðinni um íslenska tungu í háskólunum og vonast til góðra undirtekta.

Engin viðbrögð urðu við bréfinu.

Lestur barna. Eitt af þeim verkefnum sem Málnefndin ákvað að ráðast í var að finna leiðir til að efla málörvun og læsi barna. Í tengslum við það var settur á laggirnar vinnuhópur til að kanna möguleika á gerð bæklinga og áttu sæti í honum Sigríður D. Þorvaldsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Hugmyndin var að vinna að gerð þriggja bæklinga um málörvun, máltöku og læsi og tvítýngi. Þegar betur var að gáð reyndist nægjanlegt efni til og var hætt við þessi áform. Málræktarþingið 2011 var helgað lestri barna, sjá 7.1.

Ábendingar um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi: sjá 5.4

Endurskoðun auglýsinga um stafsetningu og greinarkerkjasetningu: sjá 5.5

9. Málræktarþing

Íslensk málnefnd hefur staðið fyrir árlegum málræktarþingum um árabíl í samvinnu við MS. Eftir að ákveðið var að halda hátíðlegan dag íslenskrar tungu á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember var ákveðið að málræktarþingin færu fram sem næst þeim degi. Vegna þess hve seint var skipað í Málnefndina, sem tók til starfa 1. nóvember 2010, var ekkert málræktarþing haldið það ár. Á öllum þingunum var ályktun Íslenskrar málnefndar kynnt. Á flestum lásu vinningshafar í Stóru upplestrarkeppninni ljóð og tónlist var flutt í boði MS.

9.1 Málræktarþingin

2011: *Æska í ólestri – mál okkar allra*

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölunnar laugardaginn 12. nóvember 2011, kl. 11.00–14.00, í Skriðu, sal Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.

Erindi fluttu:

Anna Ingólfssdóttir: Læsi í leikskóla.

Sigríður Sigurjónsdóttir: Málþroski og málrækt

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir: Íslenska – til hvers?

Þórarinn Eldjárn: Stafkrókur í orði á síðu í bók á borði.

2012: Íslensk málnefnd ákvað að breyta fyrirkomulagi málræktarþinganna, stytta þau og hafa þau á virkum degi. Fyrsta tilraun var gerð 2012 og þótti takast vel.

Íslenska á 21. öld – Þing Íslenskrar málnefndar um íslensku í tölvuheiminum

Þriðjudaginn 13. nóvember 2012 kl. 15–16.15 í bókasal Þjóðmenningarhússins við

Hverfisgötu. Erindi fluttu:

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra: Ávarp

Eiríkur Rögnvaldsson: Íslensk tunga á stafrænni öld

Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins: Nýi íslenski talgervillinn

Jón Guðnason, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Trausti Kristjánsson tölvunarfræðingur:

Talgreinir fyrir íslensku

2013: *Íslenska sem annað mál og börn með erlendan bakgrunn í íslensku skólakerfi.*

fimmtudaginn 14. nóvember 2013 kl. 15–16.15 í bókasal Þjóðmenningarhússins við

Hverfisgötu. Erindi fluttu:

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra: Ávarp

Nichole Leigh Mosty, skólastjóri leikskólans Aspar

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla

Valgerður Garðarsdóttir, kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð

2014: Málræktarþing þessa árs var haldið laugardaginn 15. nóvember undir heitinu *Mál og mannréttindi*. Dagskráin var í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Það var um leið afmælistálfing Íslenskrar málnefndar (sjá 10).

Erindi fluttu:

Brynhildur G. Flóvenz: Eru mannréttindi málið? Um rétt til móðurmáls

Hilmar Hildarson Magnússon: Hinsegin orðræða: Smurning eða sandur í tannhjól
gagnkynhneigða regluverksins?

Bryndís Snæbjörnsdóttir: Tjáning og mannréttindi

Heiðís Dögg Eiríksdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir: Án tákna máls er ekkert líf

Sigurður Pálsson: Einsleitni eða fjölbreytni

Davor Purusic: Íslenska – lykull eða hindrun að íslensku samfélagi?

9.2. Málræktarþing unga fólksins

Guðrún Kvaran, Hilmar Hilmarsson og Haraldur Bernharðsson þinguðu 12. júní 2012 með Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Guðna Tómassyni, Jónu Pálsdóttur, Guðna Olgeirssyni og Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur, starfsmönnum ráðuneytisins, um að halda sérstakt málræktarþing unga fólksins í nóvember. Mennta- og menningarmálaráðherra var mjög áhugasamur um þingið og reiðubúinn að liðsinna Málnefndinni við verkefnið með ýmsum hætti.

Þingið fór fram í Laugardalshöll 16. nóvember 2012 og var grunnhugmyndin að vekja börn til umhugsunar um gildi tungumálsins. Íslensk málnefnd skipulagði þingið í samvinnu við þrjá grunnskóla í Reykjavík, Réttarholtsskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla. Áður hafði Jóhann Björnsson, kennari í Réttarholtsskóla, heimsótt skólana og lagt á ráðin með aðferðum umræðufræða, og nemendurnir höfðu vikurnar á undan rætt saman um gildi íslenskrar tungu frá ýmsum hliðum, svo sem um mikilvægi þess að hafa dægurlagatexta og nýjustu tölvur og tækni á íslensku. Nemendur í 10. bekk skólanna unnu verkefni í þessum anda og kynntu þau á þinginu. Ari Eldjárn var kynnir og Páll Óskar Hjálmtýsson söng.

Málræktarþing unga fólksins var haldið í annað sinn 2013 og nú á Akureyri. Það fór fram í hátíðarsal Háskólans á Akureyri föstudaginn 15. nóvember 2013 kl. 10–12. Ari Eldjárn var aftur kynnir og nemendur úr öllum grunnskólum Akureyrar kynntu verkefni sín:

Brekkuskóli: Myndband, ljóðalestur (7:23 mín): Nemendur flytja ljóð eftir Hal Sirowitz í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar, og eftir Andra Snæ Magnason, ásamt frumsömdum ljóðum

Glerárskóli: Myndband.

Síðuskóli: Söngatriði (55 nemendur á svið): Tunglskinsdansinn með Stuðkompaníinu. Stjórnendur voru kennararnir.

Naustaskóli: Ljóða- og örsögulestur. Jakob Gísli, Dagný og Eva María lesa ljóð eftir Davíð Stefánsson, Ólaf Hauk Símonarson og örsögu eftir Elísabetu Jökulsdóttur.

Lundarskóli: Myndband (4-5 mín.): Nemendur í Lundarskóla sömdu texta við frægt Journey lag og bjuggu til myndband.

Giljaskóli: tónlistarmyndband sem nemendur kynntu. [„Fjöllin hafa vakað“ með EGÓ. Myndbandið útbjuggu nemendur sjálfir en það sýnir gleði í Giljaskóla.]

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp.

Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri MS, flutti ávarp en MS studdi rausnarlega við þingin með veitingum í lokin.

10. Íslensk málnefnd 50 ára

30. júlí telst stofndagur Íslenskrar málnefndar og varð hún því 50 ára á liðnu sumri. Guðrún Kvaran ritaði í því tilefni grein í Morgunblaðið sem lesa má á heimasíðu Íslenskrar málnefndar, islenskan.is. Málnefndin ákvað að málræktarþing ársins yrði um leið afmælistálfing nefndarinnar og flutti formaður ávarp í því tilefni. Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum færði Íslenskri málnefnd veglegan blómvönd í tilefni afmælisins.

11. Önnur verkefni

11.1 Heimasíða Íslenskrar málnefndar

Opnuð var ný heimasíða Íslenskrar málnefndar, www.islenskan.is. Hönnuður var Inga María Sverrisdóttir en Jóhannes Bjarni Sigtryggsson fylgdi verkinu eftir og sér um síðuna.

11.2 Samvinna við MS

Íslensk málnefnd átti á starfstíma sínum afar góða samvinnu við MS eins og mörg undanfarin ár. Mestu munaði um styrki til málræktarþinganna á hverju ári. Á starfstímabilinu óskaði MS eftir samstarfi við Málnefndina um hugmyndir að næsta „Fernuflugi“. Guðrún Kvaran, Haraldur Bernharðsson og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson sátu fundi með starfsmönnum MS þar sem leitað var næsta þema á mjólkurfurnurnar. Ofan á varð að örnefni yrðu þema „Fernuflugsins“. Lagði Málnefndin til að Hallgrímur Ámundason, verkefnisstjóri á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, kæmi með tillögur að örnefnum og skrifaði texta. Það var samþykkt. Guðrún Kvaran og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson lásu textana yfir. Afrakstur samstarfsins hefur mátt sjá á mjólkurfurnum í verslunum frá því í apríl 2015.

11.3 Umsagnir um frumvörp og þingsályktunartillögur

Íslensk málnefnd fékk vel á annan tug frumvarpa til laga til umsagnar. Nefndin svaraði hverju erindi skriflega og var í mörgum tilvikum kölluð til þingnefndar til frekari skýringa. Málnefndin telur mjög brýnt að álits hennar sé leitað ef frumvörp á einhvern hátt koma að íslenskri tungu.

12. Ýmsar nefndir sem fulltrúar Íslenskrar málnefndar áttu setu í

12.1 Málræktarsjóður

Samkvæmt stofnskrá Málræktarsjóðs skipar Íslensk málnefnd þrjá fulltrúa í stjórn. Á ársfundi sjóðsins í júní 2010 voru kjörin í stjórn: Sigrún Helgadóttir, Sigurður Konráðsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Þau voru endurkjörin á ársfundi 2014. Formaður Íslenskrar málnefndar er sjálfkrafa formaður fulltrúaráðs Málræktarsjóðs og boðar til aðalfundar. Sú gleðilega þróun varð 2013 að aftur var unnt að veita styrki úr sjóðnum.

12.2 Mannanafnanefnd

Innanríkisráðuneyti sendi í nóvember 2013 bréf til Íslenskrar málnefndar og óskaði eftir því að nefndin tilnefndi aðalfulltrúa og varafulltrúa í mannanafnanefnd frá og með 1. janúar 2014 til næstu fjögurra ára. Katrín Axelsdóttir aðjunkt, sem hafði setið sem aðalmaður í fjögur ár, gaf ekki kost á sér. Jóhannes B. Sigtryggsson, sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem hafði setið sem varamaður í fjögur ár, og Ingibjörg B. Frímansdóttir, lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands voru tilnefnd í nefndina sem fulltrúar Íslenskrar málnefndar. Jóhannes situr nú sem aðalmaður og Ingibjörg sem varamaður.

12.3 Örnefnanefnd

Skipunartímabil örnefnanefndar rann út í febrúar 2015. Þórarinn Eldjárn var áheyrnarfulltrúi Íslenskrar málnefndar í fjögur ár en baðst undan endurkjöri. Margrét Jónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, féllst á að taka við af honum. Sigríður Þorvaldsdóttir, aðjunkt við Háskóla Íslands, var valin varamaður. Í apríl 2015 var óskað eftir tilnefningu á ný en nú á Íslensk málnefnd fastan fulltrúa í nefndinni samkvæmt nýjum lögum. Fulltrúar hennar eru Margrét Jónsdóttir og Sigurður Konráðsson prófessor við Háskóla Íslands.

12.4 Máltækni

Eins og fram hefur komið samþykkti Íslensk málnefnd að leggja áherslu á máltækni í starfi sínu 2012. Í framhaldi af velheppnaðri ráðstefnu Málnefndarinnar, Máltækniþings og META-NORD 27. apríl 2012, *Máltækni fyrir alla*, (sjá 12.6) var rætt um að Íslensk málnefnd gæti í samvinnu við Máltækniþing sent inn tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir í máltækni. Nefnt var að meðal brýnna verkefna væru gerð málrýnis (e. *grammar checker*) og málgreinis. Stjórnin samþykkti að Eiríkur Rögnvaldsson semdi drög að bréfi Íslenskrar málnefndar og Máltækniþings um þessar aðgerðir.

Íslenskri málnefnd barst bréf 10. janúar 2013 frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað var „eftir því að Íslensk málnefnd og Máltækniþing í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, geri áætlun um uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni næsta

áratug, og haldi áfram eftirfylgni með markmiðum íslenskrar málstefnu um íslensku í tölvuheiminum.“ Nefnd um íslensku í tölvuheiminum, sem skipuð var af mennta- og menningarmálaráðherra í byrjun árs 2010, skilaði lokaskýrslu og tillögum um aðgerðir 2012.

Íslenskri málnefnd barst bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 18. febrúar 2013, við fyrirspurn nefndarinnar frá 13. desember 2012 þar sem athygli ráðuneytis var vakin á fyrirhugaðri spjaldtölvuvæðingu í Álfstanesskóla. Ráðuneytið sendi 9. janúar 2013 bréf til Garðabæjar og spurðist fyrir um fyrirhugaða notkun á ensku námsefni í tengslum við þetta. Svar frá Álfstanesskóla barst 30. janúar 2013 (sem fylgdi bréfi ráðuneytis) sem ráðuneytið taldi vera fullnægjandi og mun það ekki aðhafast frekar í málinu. Ráðuneytið þakkaði í bréfinu Íslenskri málnefnd fyrir að vekja athygli á þessu máli og kvaðst gjarnan þiggja ábendingar frá nefndinni um hvað betur mætti fara varðandi íslensku í spjaldtölvum.

Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara óskuðu eftir að fá að ræða við mennta- og menningamálaráðherra um stöðu íslenskrar tungu gagnvart spjaldtölvum og lesbrettum í grunnskólum. Jákvætt svar barst frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 26. mars 2012 og var fundurinn haldinn 7. maí. Fulltrúar Málnefndarinnar voru formaður, varaformaður og Eiríkur Rögnvaldsson. Umræðan snerist bæði um notendaviðmót og efni. Vandinn væri meðal annars lítið framboð af íslensku kennsluefni. Skiptar skoðanir voru á fundinum um mikilvægi íslensku í tölvum.

Íslensk málnefnd ákvað að leggja til að viðfangsefni norræna málnefndapingsins á Íslandi 2013 yrði máltækni á Norðurlöndum (*Sprogteknologi i Norden*). Einnig var rætt um að nýta þingið til að afla því fylgis að stofnaður yrði öflugur samnorrænn máltæknisjóður. Einnig var samþykkt að árlegt málrættarþing í nóvember 2012 hefði þetta þema. Árið 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra nefnd til að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót í íslenskum skólum og gera áætlun um aðrar aðgerðir sem tilgreindar eru í íslenskri málstefnu um íslensku í tölvuheiminum. Nefndin sendi frá sér skýrsluna *Íslenska í tölvuheiminum* árið 2012 sem m.a. inniheldur tillögur á sviði máltækni.

12.5 Framtíð iðorðastarfs í upplýsingatækni

Málnefnd barst í mars minnisblað frá Sigrúnu Helgadóttur (dags. 15.3.2013) og bréf frá Arnheiði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Skýrslutæknifélags Íslands (dags. 14.3.2013) þar sem greint er frá því að orðanefnd félagsins, sem starfað hefði frá árinu 1978, hefði látið af störfum og óskað var eftir fundi um framtíðarskipan iðorðastarfs í tölvu- og upplýsingatækni. Tölvuorðasafn orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands kom nýlega út í fimmta sinn (<http://tos.sky.is>). Sigrún kynnti hvernig iðorðastarfi í upplýsingatækni væri hagað annars staðar á Norðurlöndum. Nauðsynlegt væri í slíku starfi að hafa ritara til aðstoðar þannig að verkinu miðaði vel áfram. Mikilvægt væri einnig að geta leitað til breiðs hóps sérfræðinga.

Ákveðið var að skipa undirbúningshóp með þeim Sigrúnu, Eiríki Rögnvaldssyni og Haraldi Bernharðssyni sem skila skyldi tillögum um framtíðarskipan þessara mála haustið 2013. Einnig var samþykkt að leita til Ágústu Þorbergsdóttur á málrættarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um að taka þátt í starfi hópsins. Formaður skrifaði bréf til Skýrslutæknifélagsins og greindi frá þessu.

Sigrún Helgadóttir sendi 5. nóvember stjórn Málnefndarinnar skjal titlað *Tillögur um tilhögun íðorðastarfs í upplýsinga- og tölvutækni* [ó dags.]. Það var bókað á fundi stjórnar Málnefndarinnar í nóvember (sjá fundargerð framkvæmdastjórnar 9/2013, 3. liður, c).

Í tölvuskeyti frá Sigrúnu til stjórnar Íslenskrar málnefndar 5. desember greindi hún frá því að stjórn Skýrslutæknifélagsins óskaði eftir fundi með Íslenskri málnefnd um þessi mál. Tekið var vel í það og ákveðið að stefna að fundi 14. janúar. Formaður kvaðst senda skeyti til stjórnar Skýrslutæknifélagsins um væntanlegan fund. Á þeim fundi sagði Sigrún Helgadóttir frá tillögum sínum (*Tillögur um tilhögun íðorðastarfs í upplýsinga- og tölvutækni*). Hún taldi að mestu skipti þar hvernig áframhaldandi íðorðastarf á þessu sviði yrði fjármagnað. Slíkt starf væri ómarkvisst nema einhver ynni undirbúningsvinnu og kæmi efninu á framfæri. Greiða þyrfti fyrir slíka vinnu. Annað skipti ekki eins miklu máli, meðal annars fyrirkomulag á samstarfi. Formaður greindi frá því að Íslensk málnefnd hefði átt fulltrúa í starfshóp á vegum menntamálaráðuneytis um tölvumál. Tillögum í lokaskýrslu þessa hóps hefði hins vegar lítið verið fylgt.

12.6 Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni (268. mál, <http://althingi.is/altext/143/s/0504.html>) var samþykkt 12. maí. Aðgerðaáætlunin átti að vera tilbúin 1. september 2014. Nefndin var hins vegar ekki skipuð fyrr en 9. september og lauk störfum í desember.

12.7 Handbók um málfar og endurskoðun stafsetningarorðabókar

Íslensk málnefnd 2006–2010 tilnefndi fulltrúa í ritnefndir tveggja bóka sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafði samþykkt að gefa út en voru fyrir breytingar á lögum um Íslenska málnefnd 2006 á verkefnaskrá hennar. Ákveðið var að Guðrún Kvaran yrði fulltrúi Málnefndarinnar í ritnefnd *Handbókar um íslensku*, með Jóhannesi Bjarna Sigtryggssyni, sem var ritstjóri bókarinnar, og Gunnlaugi Ingólfssyni. Bókin kom út 2011.

Haraldur Bernharðsson var valinn fulltrúi í nefnd um endurskoðun Stafsetningarorðabókarinnar með þeim Jóhannesi Bjarna Sigtryggssyni, sem er ritstjóri bókarinnar, og Jóni Hilmari Jónssyni. Bókin er væntanleg 2016.

12.8 Samstarf um máltækniþing

Föstudaginn 27. apríl 2012 var haldin ráðstefnan *Máltækni fyrir alla*. Þetta málrættarþing var á vegum Íslenskrar málnefndar, Máltækniseturs og META-NORD-verkefnisins. Tilfnið var annars vegar að á þessu ári lagði Íslensk málnefnd sérstaka áherslu á íslensku í tölvum, og hins vegar að Máltæknisetur tók þátt í META-NORD-verkefninu sem hefur m.a. að markmiði að kynna og efla máltækni í öllum þáttökulöndunum, sem eru Norðurlönd og Eyrstrasaltlönd. Vefur íslenska hluta verkefnisins er á <https://vefir.hi.is/metanord/>.

Ráðstefnan var öllum opin og þótti takast mjög vel. Mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp, Sabine Kirchmeier-Andersen framkvæmdastjóri dönsku málnefndarinnar var sérstakur gestur málþingsins. Dagskrá þingsins þótti mjög áhugaverð:

Setning ráðstefnunnar: Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar
Ávarp, mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir
Íslensk máltækni í evrópsku samhengi - META-NORD og META-NET: Eiríkur
Rögnvaldsson, stjórnandi META-NORD á Íslandi
Del eller dø?: Sabine Kirchmeier-Andersen, framkvæmdastjóri dönsku
málnefndarinnar
Íslenska er málið: Tölvur og íslensk málstefna: Haraldur Bernharðsson, varaformaður
Íslenskrar málnefndar
Gagnasöfn frá sjónarhorni notandans: Kristín M. Jóhannsdóttir, málfræðingur hjá
Háskóla Íslands
Talgervlar og tungumál sem fáir tala: Kristinn Halldór Einarsson, formaður
Blindrafélagsins
Almannarómur – Söfnun á íslensku talmáli fyrir talgreiningu: Jón Guðnason, lektor
við Háskólann í Reykjavík
Samhengisháð ritvilluvörn: Jón Friðrik Daðason, meistaranemi í tölvunarfræði við
Háskóla Íslands
Hér er ég, um ég, frá ég" - Mikilvægi fallbeygingar í leitarvélum: Jón Eðvald
Vignisson, tæknistjóri Clara

Einnig var kynnt ný skýrsla um stöðu íslenskrar máltækni, en hliðstæðar skýrslur hafa verið gerðar fyrir 30 Evrópumál innan verkefnisins META-NET sem META-NORD er hluti af (http://www.meta-net.eu/?set_language=is). Skýrslurnar voru gefnar út hjá Springer-forlaginu. Í íslensku skýrslunni er m.a. að finna samanburð á tæknilegum stuðningi við þau 30 tungumál sem skýrslurnar taka til. Þar kemur fram að íslenska stendur næstverst hvað varðar málföng (hugbúnað og gagnasöfn) - aðeins maltneska stendur verr.

Í skýrslunni er bent á að eigi íslenska að vera lífvænleg þjóðtunga í þróuðum heimi verður hún að geta staðið undir kröfum upplýsingatækninnar. Efling íslenskrar máltækni verði því að vera grunnþáttur í framkvæmd íslenskrar málstefnu.

12.9 Vinnuhópur um ríkjaheiti

Utanríkisráðuneytið birti snemma árs 2015 nýjan lista yfir ríkjaheiti á íslensku. Þessi nýi listi utanríkisráðuneytis stangast oft á við ríkjaheitalista sem birtur er á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sá listi er að langmestu leyti byggður á listanum „Landaheiti og höfuðstaðaheiti“ sem Íslensk málnefnd samþykkti 2005. Ákveðið var að leggja til við ráðuneytið að stofnaður yrði hópur með fulltrúum Íslenskrar málnefndar, málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ríkisútvarpins, Hagstofu og utanríkisráðuneytis þar sem reynt yrði að samræma ríkjaheitalistana þannig að úr

yrði einn samræmdur listi. Ákveðið var að formaður sendi bréf til utanríkisráðuneytis þar sem hvatt yrði til þess að skipuð yrði nefnd sem færi yfir listana og kæmi sér saman um einn lista sem yrði aðgengilegur á vefnum. Formaður var boðaður á fund í utanríkisráðuneytinu og ræddi þar við Jón Egil Egilsson prótókollstjóra um skipan vinnuhóps um ríkjaheiti. Formaður sagði að í raun væri þetta á verksviði málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og því hefði hún einnig verið í sambandi við Guðrúnu Nordal forstöðumann þar. Haraldur Bernharðsson var valinn fulltrúi Íslenskrar málnefndar í hópnum, Ari Páll Kristinsson var fulltrúi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Anna Sigríður Þráinsdóttir fulltrúi RÚV. Jón Egill stýrði hópnum sem hefur lokið störfum.

13. Samvinna við norrænar málnefndir

Íslensk málnefnd hefur um áratuga skeið verið í samvinnu við aðrar málnefndir á Norðurlöndum. Liður í þeirri samvinnu er árlegt málþing sem haldið hefur verið til skiptis í einhverju aðildarlandanna frá 1954. Daginn áður er dagsfundur þar sem málnefndirnar ræða ýmis mál, svo sem helstu áherslumál og samvinnuverkefni.

13.1 Málnefndaþing 2010–2015

2010 var þingið haldið í Þórshöfn í Færeyjum. Guðrún Kvaran og Ari Páll Kristinsson sóttu þingið. Guðrún flutti erindið *Nabosprogsundervisning på Island og opfølgningen af Nordisk sprogdeklaration*. Erindið birtist sem grein í *Sprog i Norden* 2011.

2011 var þingið haldið í Ilulisat á Grænlandi. Guðrún Kvaran og Ari Páll Kristinsson sóttu þingið.

2012 var þingið haldið í Osló og sóttu það Anna Sigríður Þráinsdóttir og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson. Anna flutti erindið *Tekstning og dubbing for de unge i islandsk media* sem birst hefur í ritinu *Sprog i Norden* 2014.

2013 sá Íslensk málnefnd um þingið. Það fór fram á Akureyri 28.–29. ágúst. Þema norræna málnefndaþingsins nú var *De nordiske sprogs fremtid inden for informationsteknologien* eða *Framtíð norrænna mála í tölvu og upplýsingatækni*. Alls héldu 11 fyrirlesarar innlendir og erlendir erindi á málnefndaþinginu (sjá fundargerð 7/2013). Samstarfsnet norrænu málnefndanna gerði þingið mögulegt með ríflegum stuðningi en Letterstedtska Föreningen í Svíþjóð og mennta- og menningarmálaráðuneyti veittu einnig fjárstuðning.

2014 fór þingið fram í Svíþjóð og sóttu það Guðrún Kvaran og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson. Vegna breytinga í norrænu samstarfi lagðist af stuðningur Samstarfsnets norrænu málnefndanna. Tekin var upp sú regla að sú málnefnd sem síðast hélt sameiginlegan fund málnefndanna sæi um undirbúning næsta fundar. Mikil vinna var því fyrir Íslenska málnefnd

að undirbúa fundinn í Stokkhólmi og önnuðust þau Guðrún Kvaran og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson þá vinnu.

2015 Danska málnefndin sá um þingið að þessu sinni og sóttu það að fyrir hönd Íslenskrar málnefndar Steinunn Stefánsdóttir og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson.

13.2 Aukafundir samstarfsnetsins

Norræna netverkið hélt þrjá aukafundi á tímabilinu. Hinn fyrsti fór fram í Stokkhólmi 3. desember 2013. Yfirskrift fundarins var *Det nordiska språksamarbetet 2014–2015. Lanseringskonferens för aktörerna under den nordiska språkkoordinationen*. Guðrún Kvaran og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, sem er norrænn ritari fyrir Ísland, sátu fundinn.

Á næsta fundi, sem fór fram í Kaupmannahöfn 25. apríl 2014, var rætt um stefnumótun „Nordisk Sprogkoordination“ 2014–2018. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson sótti fundinn sem norrænn ritari.

Þriðji fundurinn fór fram í Kaupmannahöfn 26.–27. mars 2015. Þann fund sótti Jóhannes einnig. Þar kom fram að með nýrri skipan norræna málástarfsins hafi greiðslur dregist mjög saman til norræna samstarfsnetsins og nægi nú aðeins til að halda árlegt málnefndaþing og fund í tengslum við það. Það er því ekki bjart fram undan í samstarfi norrænu málnefndanna.

14. Samstarf evrópskra málræktarstofnana

EFNIL eru samtök evrópskra málnefnda og málræktarstofnana sem sinna málefnum þjóðtungna Evrópuríkja. Fullgildir meðlimir geta aðeins opinberar eða opinberlega viðurkenndar málræktarstofnanir orðið sem starfa í ríkjum Evrópusambandsins. Málræktarstofnunum og/eða málnefndum fyrir þjóðtungur í öðrum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins er boðin aukaaðild. Danska, sænska og finnska málnefndin eru því fullgildir aðilar. Á aðalfundi EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) í nóvember 2005 var samþykkt umsókn Íslenskrar málnefndar um aukaaðild að samtökunum en áður hafði Guðrúnu Kvaran verið boðið sem formanni Íslenskrar málnefndar að flytja erindið „Icelandic language policy in past, present and future“ á málþingi EFNIL í Stokkhólmi 13.–14. október 2003. Áður hafði Noregur sótt um aukaaðild.

Enginn fulltrúi mætti á ársfundinn 2010 vegna fjárskorts Íslenskrar málnefndar. Reglan er að þátttakendur borgi ferðir en EFNIL gistingu og uppihald. Þema ársfundarins að þessu sinni var „Language, Languages and New Technologies“ og var Eiríkur Rögnvaldsson beðinn um að senda grein í ráðstefnuritið. Hann brást vel við því og sendi inn greinina *Icelandic language technology: an overview*. Árið á eftir leit þannig út að Íslandi gæti ekki tekið þátt í ársþinginu vegna fjárskorts en bresku ráðstefnuhaldararnir buðu formanni Íslenskrar málnefndar til þingsins sem haldið var í London.

Næsta ár leit betur út með fjárhag Málnefndarinnar og sótti formaður þingið sem haldið var í Budapest undir heitinu *Lexical Challenges in Multilingual Europe*. Formaður Málnefndarinnar var beðinn um framlag um orðabókagerð á Íslandi og flutti erindið *Modern Icelandic lexicography*. Árið 2013 var ársfundurinn haldinn í Riga og var þemað *Translation and Interpretation in Europe*. Málnefndin sendi þangað Gunnhildi Stefánsdóttur hjá þýðingardeild utanríkisráðuneytisins og flutti hún erindið *Translator training in the Translation Centre of the Icelandic Ministry for Foreign Affairs. A short report on special training issues for English-Icelandic translation*. Árið 2014 fór ársfundurinn fram í Flórens og flutti formaður Málnefndarinnar erindið *The use of foreign languages in Icelandic Universities*.

Árlega birtir EFNIL á heimasíðu sinni ályktun er snertir þema ársfundarins á tungumálum allra aðildarlandanna. Formaður Málnefndarinnar hefur séð um að þýða ályktanirnar yfir á íslensku.

15. Kynningar á Íslenskri málnefnd

Málnefndin óskaði eftir að kynna starfsemi sína fyrir mennta- og menningarmálaráðherra strax við síðustu ráðherraskipti. Af þeim fundi hefur ekki orðið enn.

Formaður kynnti Íslenska málnefnd og íslenska málstefnu á alþjóðþingi esperantista og á ráðstefnunni *Languages and Internationalization in Higher Education*. Bæði þingin fóru fram í júlí 2013.

Formaður flutti erindi á ársfundi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 20. maí 2015 undir titlinum „Íslensk málstefna og íslensk máltækni“.